

Samþykkt á 28. aðalfundi Landssambands smábátæigenda

Grásleppuveiðar

1. Hafrannsóknastofnunin rannsaki hvaða áhrif flottrolls- og nótaveiðar hafi á stærð grásleppustofnsins, þar með talið hversu mikill meðafli er af grásleppu og grásleppuseiðum við þessar veiðar. Ennfremur að Fiskistofa upplýsi um meðafla sundurgreindan eftir tegundum við flottrolls- og nótaveiðar tímabilið 2008 – 2011.
2. **Aðalfundur LS** samþykkir að veiðidögum á grásleppu verði fækkað um 30% vegna markaðsaðstæðna, svo fremi sem aðrar grásleppuveiðipjóðir geri slíkt hið sama.
3. **Aðalfundur LS** leggur til að upphafstími grásleppuveiða á svæðum A, B (ytra svæði) og C verði 1. apríl, svæði D 15. mars, E (Skagatá – Tjörnes) 10. mars, E (Kópasker – Þórshöfn) 20. mars og svæði F 20. mars
4. **Aðalfundur LS** leggur til að netafjöldi á hvern mann við grásleppuveiðar verði breytt í samræmi við breyttar aðstæður við veiðarnar. Flestir bátar eru komnir með niðurleggjara og margir farnir að láta slægja í landi, þannig að vinnan á sjónum hefur minnkað til muna. Fundurinn vill að miðað verði við að heildarnetafjöldinn yrði óbreyttur en að 150 löng net miðist við tvo menn í stað þriggja.
5. **Aðalfundur LS** leggur til að gerðar verði breytingar á reglugerð um merkingar veiðarfæra á þann hátt að leyfilegt verði að nota belgi til merkingar á netum að því tilskildu að þeir verði 40 tommur að stærð.
Greinargerð.
Sýnt hefur verið fram á að notkun netabauja á sumum veiðisvæðum hefur reynst illa vegna strauma og því hafa belgir verið notaðir með góðum árangri í áratugi.

6. **Aðalfundur LS** mótmælir afskiptum Hafrannsóknastofnunarinnar af veiðistjórnun á grásleppu og telur að hún sé engan veginn í stakk búin til að veita ráðgjöf af því tagi sem hún gerir í skýrslu sinni: Ástand nytjastofna á Íslandsmiðum 2011/2012 og aflahorfur fiskveiðiárið 2012/2013.

7. **Aðalfundur LS** leggur til að skötuselur verði utan kvóta við grásleppuveiðar.

8. **Aðalfundur LS** krefst þess að ákvæði sem fjallar um umvitjun neta verði fellt úr gildi.

9. **Grásleppunefnd LS 2012 – 2013:**

Guðmundur Jónsson	Hafnarfirði
Guðmundur R. Guðmundsson	Drangnesi
Hafþór Jónsson	Patreksfirði
Birgir Ingvarsson	Bakkafirði
Klemens Einarsson	Keflavík
Valentínus Guðnason	Stykkishólmi
Sigurður Kristjánsson	Húsavík